

# HEIMSPEKILEG SAMRÆÐA Í SKÓLUNUM

## INNGANGSFYRIRLESTUR

Brynhildur Sigurðardóttir, heimspekikennari í Garðaskola  
apríl 2012

# Grunnskólinn á að...

2

„Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum... Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til samstarfs við aðra.“

(Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.)

# Skólastarf og hugsun nemenda

3

- Grunnskólinn kennir nemendum...
  - ...að lesa og skrifa
  - ...að reikna og nýta stærðfræðileg tákni og aðferðir
  - ...ýmis þekkingaratriði og að afla meiri þekkingar
  - ...ótalmargt annað...



# Skólastarf og hugsun nemenda?

4

- Leggur grunnskólinn grundvöllinn að sjálfstæðri hugsun nemenda?
  - Hvað er sjálfstæð hugsun?
    - Gagnrýnin hugsun
    - Skapandi hugsun
    - Umhyggja (hugsun sem hefur siðferðilega vídd)

# Sjálfstæð hugsun er gagnrýnin

5

## □ Byggir á rökum

- sættir sig ekki við óskýrar hugmyndir

## □ Tekur mið af samhengi hlutanna

- fer varlega í alhæfingar
- skoðar allar hliðar málsins

## □ Leiðréttir sjálfa sig

- er sífellt að endurmeta stöðuna
- er nógu hógvær til að skipta um skoðun þegar góðar ástæður mæla með því






Er epli  
lifandi?

# Hvað er epli?



6



Heimspækileg samræða í skólunum

# Sjálfstæð hugsun er skapandi

7

- **Horfir til hins nýja og ókunna**
  - bendir á eitthvað nýtt, frumlegt, áður óhugsað
  - býr til ný tengsl milli hugmynda
  - setur hugmyndir í nýtt samhengi
- **Ögrar**
  - hefur þolinmæði gagnvart óblíðum viðtökum
- **Fæðir af sér...**
  - nýjar hugmyndir
  - nýjar tilfinningar
  - nýjar athafnir

# Epli?



8



Heimspekileg samræða í skólunum



# Sjálfstæð hugsun er umhyggjusöm

9

- **Einkennist af virðingu**
  - fyrir viðfangsefninu
  - manni sjálfum
  - öðru fólki og samfélaginu
- **Hlustar á tilfinningar**
  - notar tilfinningar sem rök fyrir ályktunum og ákvörðunum
  - hefur samhygð (skynjar hvernig öðrum líður)
- **Grípur til aðgerða**
  - hugsun fylgt eftir með aðgerðum þegar þörf er á
- **Setur fyrirmynd**
  - setur viðmið um hvað sé gott og rétt

# Er epli góð gjöf?

10



Heimspækileg samræða í skólunum

# Skólastarf og hugsun nemenda?


11

- Lærist sjálfstæð hugsun sjálfkrafa?
  - ▣ T.d. með því að læra að lesa og reikna?
- Er hægt að kenna sjálfstæða hugsun?
  - ▣ Já → Heimspekin hefur alltaf gert þetta!

# Heimspeki þjálfar hugsunina

12

- Ummæli frá móður heimspekinema í Garðaskóla:
  - „Vildi bara láta þig vita hvað ég er ánægð með þessa tíma og A. líka, vegna þess að krakkarnir eru beðnir um að hugsa sjálfstætt og tala saman. Það mætti gera meira úr heimspeki.”
  
- Ummæli frá heimspekinemum (10. bekk) vorið 2007:
  - Heyrðu Brynhildur, ég fann það á samræmda prófinu í íslensku hvað ég er búin/n að læra í heimspeki í vetur. Það hjálpaði mér mikið við að svara ritgerðar spurningunum...




# Hvernig kennir heimspekin hugsun?

14

Tæknileg þjálfun?

Samræða?



# Heimspekileg samræða

15




Heimspekileg samræða er vettvangur þar sem fólk þjálfar og þroskar eðlislæga getu sína til að leita þekkingar og skilnings á sjálfu sér og veröldinni

# Hvað einkennir gott samræðufélag?

16

Gagnrýnin hugsun

Samvinna



Skapandi hugsun

Umhyggja

Heimspekileg samræða í skólunum



# Hvað lærir maður í samræðufélagi?

17

Betri samstarfshæfileikar  
(að hlusta og tala)

Þroskaðri hugsun

Skýrari sýn á eigin  
tilfinningar og líðan

Aukin samfélagsleg vitund

Heimspækileg samræða í skólunum

# Vinnuferli (1 kennslustund – 3 vikur)

18

1. Kveikja
2. Spurningar nemenda dregnar fram
3. Samræða (langmestur tíminn fer í þennan hluta)
  - ákveðið hvaða spurningu á að taka fyrir
  - ákveðið hvaða atriði leggja á áherslu á í samræðufélaginu
  - samræða um spurninguna – nemendur skiptast á skoðunum, rökstyðja mál sitt og draga ályktanir
4. Önnur úrvinnsla: hópvinna, heimildavinna, persónuleg skrif, verkefnavinna
5. Mat á samræðufélaginu:
  - yfirléitt gert í lok einstakra kennslustunda, nokkrum sinnum í hverri lotu

# 1. Kveikjur

19

- Textar úr ýmsum áttum:
  - Brot úr námsefni Lipmans og féлага, þýðingar Hreins Pálssonar
  - *Heimspekingar fyrr og nú*. Textar eftir Geir Sigurðsson á [www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is)
  - Námsefni frá Námsgagnastofnun, t.d. *Leið þín um lífið, siðfræði fyrir ungt fólk*, *Valur* eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur, *Hugsi* eftir Sigurð Björnsson og Matthías Viðar Sæmundsson og *Hugrún* eftir Sigurð Björnsson
- Kvikmyndir
- Atburðir, listsýningar
- Spurningar og hugmyndir nemenda – stundum er eitt orð nóg
  - Rík hugtök: Ást, samfélag, græðgi, líf, draumur...
  - Andstæð pör: Hvort er betra að vera rík og ljót eða fátæk og falleg?
- Dæmasöfn: *Connecting Concepts* eftir Clinton Golding

Heimspækileg samræða í skólunum

## 2. Spurningar nemenda



20

- Þegar kveikja hefur verið lögð fram eru nemendur beðnir um að leggja fram spurningar sem síðan stýra umræðunni:
  - Þarf að gefa þessu tíma í byrjun
  - Mikilvægt að kennarinn reyni ekki að „laga“ spurningar nemenda
    - virðingarleysi við þeirra hugsun
    - getur breytt áherslum í umræðunni
  - Nemendur eru mjög fljótir að átta sig á hvað eru „góðar spurningar“ þ.e. spurningar sem leiða inn í athyglisverða samræðu

# 3. Samræða

21

- Setja fáar og skýrar grunnreglur:
  - ▣ Hlusta, rökstyðja, spyrja, ekki hoppa úr einu í annað
- Tekur tíma að þróa gott samræðufélag
  - ▣ Hver segir „ekki grípa frammí“? Kennari eða nemandi?
  - ▣ Setja ábyrgðina strax á nemendur – þeir segja hver talar næst
- Hugsunin þjálfuð í gegnum gagnrýnið samtal við hóp af fólki
- Kennarinn stjórnar samræðuferlinu – Nemendur stjórna hugmyndaflæðinu

# Gátlistar hjálpa kennara og nemendum að hafa yfirlit um hvort samræðufélagið sé á réttri braut

22

## Hlustaði ég á þann sem var að tala?

- Ég hlustaði á þann sem var að tala, vonaði að það væri merkilegt
- Já, ég hlustaði á hina en ég var ekki mikið að tala
- Mér gekk ágætlega að hlusta en ekki að fylgjast með
- Ég hlustaði á flesta
- Við hlustuðum vel hvert á annað
- Já, en það er erfitt að hlusta á 5 í einu
- Ég hlustaði vel, en sýndi eiginlega enga athygli
- Við hlustuðum ekki nógu mikið
- Ég reyndi að hlusta á alla sem voru að tala sem ekki var létt því allir voru að masa

## Var ég kurteis?

- Ég sýndi mikla kurteisni
- Já, ég var kurteis, ég greip aldrei frammí
- Ég var kurteis
- Ég var frekar kurteis
- Við vorum alveg nógu kurteis
- Já, nema í byrjuninni
- Var ekki mjög kurteis við alla en samt mest allan tímann
- Nei, við vorum ekki kurteis
- Ég var líka nokkuð kurteis

**Dæmi um sjálfsmat nemenda:  
úr tíma haustið 2003**

# 4. Önnur úrvinnsla

23

- Skrifleg verkefni:
  - Pælingabók
  - Glósur úr samræðum (spurningar, fyrstu hugsanir, niðurstöður, krot...)
- Heimildavinna
  - Afla gagna til að svara spurningum sem upp koma í samræðu
- Hópvinna
  - Svvara afmörkuðum spurningum í samræðum
  - Plaköt og önnur myndræn útfærsla á hugmyndum
- Vettvangsferðir
  - T.d. til að taka viðtöl og afla svara við spurningum sem upp koma í samræðu



Heimspækileg samræða í skólunum

# 5. Námsmat

24

Með skýrum viðmiðum er hægt að setja saman umsagnir og gefa einkunnir í tölum:

- Þátttaka í samræðufélaginu
  - Nota samræðureglur hópsins
  - Sjálfsmat + jafningjamat + mat kennara
- Verkefnavinna:
  - Pælingaskrif
  - Hópvinna: plaköt, skýrslur, myndir o.fl.
- Vinnubók
  - krafa um að halda skipulega utan um öll gögn



# Viðhorf kennara skiptir öllu máli

25

- Kennari þarf að vera tilbúinn að **læra með nemendum**, ekki bara miðla til þeirra
- Kennari þarf að **hlusta** á nemendur og vinna með þeirra hugmyndum – þarfnast þolinmæði
- Kennari þarf að hafa svigrúm og **treysta nemendum** til að stjórna ferðinni – það sem stýrir náminu er þeirra áhugi og spurningar

# Hugleiðing frá kennara sem er að byrja...

26

“Það er merkilegt í samræðunni. Ég fer alltaf að stýra, verð óþolinmóður og heyri ekki nógu vel hvað krakkarnir eru að segja. Mér finnst að einhver ákveðin hugmynd verði að komast að og þrýsti á hana. Ég er búinn að lesa svo mikið um, og segja sjálfum mér að þetta snúist um að krakkarnir fái að hugsa í friði. En svo gef ég þeim ekki frið til að hugsa.

En nú eru farnar að koma þagnir. Í haust töluðu allir í belg og biðu, en núna kemur inn á milli þögn í hópnum. Það finnst mér vera framför.”

(Íslenskur kennari undir lok fyrsta árs í heimspekikennslu)

# Nánari upplýsingar

27

- [heimspekikennarar@gmail.com](mailto:heimspekikennarar@gmail.com)
- <http://www.heimspekitorg.is>